



BHE2A01 Hemlar – Grunnur

Námsáætlun, vorönn 2021

Kennari/kennarar:

Björgvin Guðleifsson

Gísli Þór Þorkelsson

Netfang/netföng:

bjorgvin.gudleifsson@borgo.is

gisli.thorkelsson@borgo.is

Lýsing:

Farið er yfir hugtökin kraftur og þyngd. Fjallað er um eðli þeirra og áhrif í ökutækjum, vogararma og snúningsvægi, núning og núningsstuðul, hreyfiorku og hemlunarafköst. Skoðuð eru hemlakerfi og íhlutir: höfuðdælur, hjólhemlar, bæði diska- og skálahemlar, hjálparbúnaður (þrýsti- og hemlunarstjórnun o.fl. þ.h.), rör og slöngur. Áhersla er lögð á skyldur og ábyrgð viðgerðarmanna vegna umferðaröryggis.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekkingarviðmið: nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: o kröfum til hemla í reglugerð um gerð og búnað ökutækja o þeim kröftum sem eru virkir í ökutæki við hemlun o algengum vökvahemlakerfum og íhlutum þeirra o ýmsum gerðum stöðuhemla o einföldu þrýstiloftshemlakerfi og helstu hluta þess

Hæfniviðmið: nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: o lýsa virkni algengra vökvahemlakerfa og helstu íhluta þeirra o lýsa virkni stöðuhemla o lýsa einföldu þrýstiloftshemlakerfi

Leikniviðmið: nemandi skal hafa öðlast leikni í að: o reikna út hröðunarkrafta, núnings- og hemlunarafköst

Námsmat:

o Verklegt mat; Gildir 40% af nemandinn lýsir hemlakerfum og bendir á íhluti: höfuðdælur, hjólhemla bæði diska- og skálahemla, hjálparbúnað, rör og slöngur

o Skriflegt mat; Gildir 40 nemandinn leysir skriflegt verkefni um krafta og þyngd, eðli þeirra og áhrif í ökutækjum, vogararma og snúningsvægi, núning og núningsstuðul, hreyfiorku og hemlunarafköst. Útreikningar á kröftum og stærðum í hemlakerfi

o Þátttaka og virkni; Gildir 20% af lokaeinkunn Nemandi er metinn eftir því hvernig hann sinnir námi, hversu vel hann skilar tilætluðu vinnuframlagi. Undir þennan þátt falla atriði eins og framtaksemi, áhugasemi, viðhorf nemanda á námið og hversu vel nemandi fylgir fyrirmælum kennara.

Til að standast áfangann þarf nemandi að ná að lágmarki 5 í öllum námsmatþáttum og samanlagt að lágmarki 5 í lokaeinkunn. Nemandi þarf að klára 95% af öllum



prófum/verkefnum svo þau séu tekinn gilt til mats.

Námsgögn:

Glæur frá kennara Verkefni frá kennara Modern automotive technology

Electude gagnvirkt námsefni. Nemendur greiða aðgang í heimabanka inn á bankareikning Borgarholtsskóla: 0114-26-000005 á kt. 700196-2169 kr. 5.500. Kennara er send bankastaðfesting á netfangið gisli.thorkelsson@borgo.is og verður aðgangur nemenda virkjaður eftir það

Glæur og önnur gögn frá kennara og skóla.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Viðvera:

Nemendur skulu fylgja reglum um sóttvarnir, kennari áskilur sér rétt til að vísa nemendum úr kennslustund sé reglum ekki fylgt.

Nemendur skulu mæta stundvíslega í upphafi hvers kennsludags og hvernar kennslustundar. Fjarvist umfram einn dag geta valdið því að nemandinn fái ekki lokið lotunni.

Vinnufatnaður;

Nemendur skulu klæðast viðeigandi vinnufatnaði. Öryggisskór eru skylda. Kennari áskilur sér rétt að vísa nemanda úr kennslu sé hann ekki í öryggisskóm.

Nemendur án ökuréttinda skulu ekki aka ökutækjum skólans né annarra á svæði skólans.

Vika	Dags.	Námsþættir
10	9 til 15 mars	Kynning á áfanga.. Verklegar æfingar. Skrifleg verkefni.
10	9 til 15 mars	Unnið að verkefnum lotunnar

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.

Innsetning náms

2 Bókleg verkefni

3 Verklegt með lausum íhlutum

4 Verklegt í bílum

5 Loka frágangur á verkefnum og námsmati